

Verndar- og stjórnunaráætlun fyrir friðlandið Gullfoss

VERK- OG TÍMAÁÆTLUN

Mái 2015

FORSENDUR

Gullfoss var friðlýstur árið 1979, samkvæmt auglýsingu í Stj.tíð. B, nr. 141/1979, sem friðland. Markmið friðlýsingarinnar er að friða fossinn og gljúfrið neðan hans og að leyfa fólki að njóta þessa náttúruundurs. Fossinn fellur í tveimur þrepum, alls 32 m niður í Gullfossgljúfur sem er um 2,5 km að lengd og nær 70 m djúpt. Í bergbrúnum fossins eru grágrýtislög, en undir þeim eru þykk setlög. Lífríki og gróður svæðisins nýtur einnig friðunar en úðinn frá fossinum skapar vaxtarskilyrði fyrir fjölmargar jurtir.

Helstu tækifæri svæðisins eru m.a. fólgin í:

- ~ verndun náttúru- og menningarminja
- ~ gerð verndar- og stjórnunaráætlunar og framfylgni á deiliskipulagi svæðisins
- ~ landvörslu og eftirliti með svæðinu
- ~ aukinni fræðslu og upplýsingagjöf
- ~ betra viðhaldi og skýrari afmörkun gönguleiða
- ~ betri aðkomu að svæðinu
- ~ rannsóknnum á lífríki svæðisins

Margir hafa í gegnum tíðina haft áhuga á að beisla afl fossins. Sigríður í Brattholti barðist fyrir verndun Gullfoss og er saga hennar og fossins sjálfs vitnisburður um náttúruvernd á Íslandi. Í dag er Gullfoss er einhver nafntogaðasti foss landsins og einn þekktasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi. Með auknum fjölda ferðafólks taka við nýjar áskoranir og er hlutverk verndar- og stjórnunaráætlunar meðal annars að sjá til þess að verndargildi Gullfoss viðhaldist.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar að hafa umsjón með gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði. Gullfoss er eitt þeirra friðlýstra svæða sem eru í forgangi slíkrar verndaráætlunargerðar og hófst vinna við gerð hennar í maí 2015.

Í vinnuhópi fyrir verndar- og stjórnunaráætlun friðlandsins við Gullfoss sitja:

- Linda Guðmundsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
- Svavar Njarðarson, fulltrúi landeiganda
- Helgi Kjartansson, fulltrúi Bláskógabyggðar

ALMENNT UM VERKEFNIÐ

Verndar- og stjórnunaráætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar friðlandsins og hvernig stefnt skuli að viðhaldi verndargildis svæðisins.

Umhverfisstofnun hefur unnið að stefnumótun um gerð verndar- og stjórnunaráætlana fyrir friðlýst svæði og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð verndar- og stjórnunaráætlunarinnar. Áætlunin verður einnig unnin í takt við deiliskipulag svæðisins.

Gert er ráð fyrir að gildistími verndar- og stjórnunaráætlunarinnar verði 10 ár og að með henni fylgi aðgerðaáætlun til 5 ára. Að 5 árum liðnum verður aðgerðaáætlunin endurnýjuð og uppfærð. Umhverfisstofnun, sveitarfélagi og landeigendum verður þó heimilt að taka ákvörðun um endurskoðun áætlunarinnar, verði þess þörf, áður en gildistíminn er liðinn. Stefnt er að því að gerð verndar- og stjórnunaráætlunarinnar verði lokið í byrjun árs 2016.

Í stefnumótuninni er lögð áhersla á samráð og samstarf, að verndar- og stjórnunaráætlanir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan máta. Verndar- og stjórnunaráætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil og megin áhersla verður lögð á gildi svæðisins, markmið, aðgerðir og verndarráðstafanir en nánari upplýsingar um svæðið verða aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Verndar- og stjórnunaráætlunin felur í sér eftirfarandi þætti:

1. Inngangur
 - Markmið
 - Eignarhald og umsjón
 - Gildistími
 - Lagalegur- og stjórnsýslulegur rammi
 - Verndarflokkun skv. IUCN
2. Lýsing á svæðinu
 - Mörk svæðisins
 - Svæðaskipting
 - Gildi friðlýsta svæðisins
 - Náttúruminjar
 - Menningarminjar
 - Landnotkun og ferðaþjónusta
 - Innviðir og mannvirki
 - Innri starfsemi, landvarsla og rekstur
 - Öryggismál
 - Rannsóknir og fræðsla
3. Markmið, stefna og leiðir

Þá mun einnig fylgja verndar- og stjórnunaráætluninni sérstök aðgerðaáætlun til 5 ára.

UMSJÓN MEÐ VERKEFNINU

Verkefnastjórn og ritstýring verndar- og stjórnunaráætlunarinnar mun vera í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar, en fulltrúar landeigenda og Bláskógabyggðar munu taka virkan þátt í gerð hennar.

SAMRÁÐ OG UPPLÝSINGAGJÖF

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um verndar- og stjórnunaráætlanir. Því verða helstu hagsmunaaðilar upplýstir um gerð áætlunarinnar og stefnt er að því að birta reglulega upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar um framgang

vinnunnar. Leitað verður álita einstaka fagstofnana þegar það á við. Drög að verndar- og stjórnunaráætlun fyrir svæðið verða síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning og þá gefst öllum kostur á að senda inn athugasemdir. Nánari upplýsingar um samráð má sjá í samráðsáætlun fyrir verkefnið.

VERK- OG TÍMAÁÆTLUN

Meginþættir verkefnisins eru:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir.
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Útgáfa

1. áfangi: Undirbúningur

Tími: maí 2015.

Unnið verður að undirbúningi verndar- og stjórnunaráætlunarinnar, haldinn undirbúningsfundur með ráðgjafanefnd og fulltrúa Umhverfisstofnunar og lagðar línur fyrir áframhaldandi vinnu.

Afurð: Verk- og tímaáætlun, samráðsáætlun.

2. áfangi: Lýsing á svæðinu

Tími: lokið 30. september 2015

Teknar verða saman lýsingar á svæðinu.

Einnig verður tekið saman ítarefni til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Afurð: Drög að 1. og 2. kafla verndar- og stjórnunaráætlunarinnar auk ítarefnis.

3. áfangi: Stefnumótun, markmið og aðgerðir

Tími: lokið 30. október 2015

Starfshópurinn mun vinna að stefnumótun svæðisins, setja fram markmið og aðgerðir. Unnið að hluta til samhliða áfanga 2.

Afurð: Drög að 3. kafla verndar- og stjórnunaráætlunarinnar.

4. áfangi: Greining á aðgerðum

Tími: lokið 15. nóvember 2015

Þær aðgerðir sem lagðar voru til í 3. áfanga eru greindar, þeim forgangsraðað og sett tímamörk.

Afurð: Aðgerðaáætlun til 5 ára.

5. áfangi: Kynningarferli

Tími: Desember 2015

Drög að verndar- og stjórnunaráætlun kynnt fyrir almenningi og öllum gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir. Kynningarferlið stendur í 4 vikur.

6. áfangi: Úrvinnsla athugasemda

Tími: Desember og janúar 2016

Unnið úr þeim athugasemdum sem fram koma í kynningarferli.

Afurð: Lokaútgáfa verndar- og stjórnunaráætlunar.

7. áfangi: Útgáfa

Tími: Janúar 2016

Verndar- og stjórnunaráætlun gefin út og birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og Bláskógabyggðar.